

Ekki ágreiningur við stjórn Davíðs

– varðandi vaxtamál, segir Steingrímur

„Ég held að það sé ekki uppi neinn ágreiningur milli mín og ríkisstjórnarinnar varðandi vaxtamál. Ég vek athygli á því að viðskiptaráðherra hefur til dæmis lagt mikla áherslu á það að bankar getu lækkað vexti og ég er honum sammála. Ég tel að vextir á hærri endum kjörvaxtakræfins þar sem einstaklingarnir eru séu hættulega háir og held að engan greini á um það,“ sagði Steingrímur Hermannsson Seðlabankastjóri í samtali við blaðið.



Fram í sviðsljósið: Þing BSRB samþykkti sérstakt traust á Steingrími

Steingrímur flutti erindi um vaxta- og fjármagnsmál á þingi BSRB í fyrradag og ræddi erfiða skuldastöðu heimilanna. Fréttir af ræðunni urðu tilefni til ummæla forsætisráðherra á Alþingi sem bentu til að hann væri ekki sammála bankastjórnunum. Þing BSRB samþykkti þá sérstaka tillögu þar sem Steingrími er þökkun ræðan og lýst yfir fyllsta trausti á hann í til-efni „ónaklegrar gagnrýni.“

Í samtali við Alþýðublaðið sagði Steingrímur ekki hafa gert athugasemdir við þau ummæli fjármálaráðherra að skuldastaða heimilanna skapaði ekki neina hættu á kreppu í bankakerfinu. Hins vegar væri það eins og að fljóta að ósi, ef ekki feigðarósi, ef menn horfðu ekki á þá staðreynd að engar skuldir hér hefðu vaxið hraðar á þessu ári en skuldir heimilanna. Steingrímur Hermannsson sagði líka hafa bent á þá staðreynd að bilið á milli bankavaxta og vaxta af ríkisbréfum hefði tvöfaldast á tveimur til fjórum árum. Hins vegar færi þetta eftir hvaða bankalán væri miðað við. Hér væru neyslulán eins og yfirdráttur á reikningi eða skuld á krítarkorti á tiltölulega lágum vöxtum miðað við önnur lönd. Vextir á algengustu skuldabréfum væru hins vegar háir.

„Það sem ég gerði á fundinum hjá BSRB var að segja í hreinskilni það sem ég veit réttast í þessum málum,“ sagði Steingrímur Hermannsson.

Frítt á barnum í Ingólfscafé

Ingólfscafé býður til afmælisveislu þann 28. til 29. október næstkomandi. Vegna afmælisins hefur verið boðað til hátíðahalda sem hefjast stundvíslega klukkan 22 næstkomandi föstudag og munu standa með hléum til 03, aðfaranótt sunnundags. Frítt verður á barnum milli 22 og 23 á föstudagskvöldið. Þetta kemur fram í tilkynningu frá stjórnendum Ingólfscafé, tilfurnum Skildi og Eriki. Í tölfri afmælisins hefur skreytingameistarin Claudio breytt Ingólfscafé í aðra veröld. Verslunin Flauel verður með „Furðushow“ og listamenningar Ingibjörg Stefánsdóttir, Þessi, Svala Björgvinsdóttir, Grétar og Margeir verða á staðnum með uppákomur. Einnig treður upp Brassbandið og erlendu rappari heiðrar gesti með nærveru sinni. Miðað við afmæla-reynslu síðustu ára eru gestir minntir á að mæta tímanlega til að losa við mestu biðradirnar. Jafnaðarmenn eru sérstaklega hvattir til að svipast um eftir barbjóninum „Skugga-Baldri“, Baldri Stefánssyni, sem hversdags gegnir stöðu framkvæmdastjóra SUJ...

Viðtal við Arnór Benónýsson, skotspón fjölmiðla undanfarna daga. Í dag er ég fullkomlega rúinn æru og sárin sem ég hef hlotið munu seint gróa. Ég er fyrirfram dæmdur af fjölmiðlum og þarafleiðandi almenningi, segir Arnór.

Ég er fyrirfram dæmdur sem þjófur

„Það yrði fullkomnað ef ég yrði látinn dúsa á dýflissunni fyrir starf mitt að Listahátíð í Hafnarfirði, það yrði þá eftir öðru sem á undan er gengið. Og það mun ég gera ef mál þróast á þann veginn. Í dag er ég fullkomlega rúinn æru og sárin sem ég hef hlotið munu seint gróa. Ég er fyrirfram dæmdur af fjölmiðlum og þarafleiðandi almenningi. En þjófur hef ég aldrei verið,“ sagði Arnór Benónýsson leikari sem fjölmiðlar og bærarstjórn Hafnarfjarðar hafa sótt að af miklu offorsi að undanfögnu. Arnór segir að í raun sé enginn að leita að sannleikanum í mál-efnum Listahátíðar. Verið sé að leita að manni til að negla, – og maðurinn sé Guðmundur Árni Stefánsson. Sjálfur sé hann aukaatriði í málinu.

Arnór Benónýsson segir í viðtali við Alþýðublaðið að það hafi verið í janúar 1993 sem Guðmundur Árni Stefánsson hafði samband og spurði hvort hann væri á lausu. Arnór var síðan ráðinn til að hafa umsjón með fjárstreymi Listahátíðar í Hafnarfirði og veita listræna ráðgjöf. Höfst hann handa hinn 19. janúar við starf sitt. Þá lá fyrir að mestu dagskrá hátíðarinnar, metnaðarfull dagskrá, sem spannaði heilan mánuð vorið 1993. Hátíðin var ekki einasta stór í sniðum, hún tókst vel og fékk mörg falleg lýsingarorðin, bæði í fjölmiðlum og í munni þeirra fjölmörgu sem hennar nutu.

Ósammála í upphafi hvernig að var staðið

„Eins og fram hefur komið fór margoft úrskeiðis í fjárhags- og bókhaldsmálum hátíðarinnar. Þetta voru mistök sem gerð voru í upphafi og ég var strax ósammála mönnum um það hvernig að var staðið. Ég bað ítrekað um að annar háttur yrði hafður á í fjármálum hátíðarinnar. Ég vildi að hlutafélagið hefði eigin ávísana-reikning og tékkhefti, sem auðvitað var eðlilegt fyrir þetta stórt fyrirtæki. Þess í stað var hátíðin rekin fyrir reiðufé, sem er óðs manns æði. En þetta var samsé sameiginleg niðurstaða bæjaryfirvalda og stjórnar Listahátíðar Hafnarfjarðar hf.,“ sagði Arnór Benónýsson.

Listahátíð Hafnarfjarðar hf. var framkvæmdaðaðili listahátíðarinnar, fyrirtæki í eigu stjórnarmannanna þriggja aðila, þeirra Gunnars Gunnarssonar, skólastjóra Tónlistarskóla Hafnarfjarðar, sem er formaður stjórnarinnar; Sverris Ólafssonar myndhöggvara; og Arnar Óskarssonar, hljómsveitarstjóra og skólastjóra Myndlistarskóla Hafnarfjarðar.

Óljós skil milli hlutafélags og bæjar

„Þegar ég kom að lá fyrir ákvörðun um 15 milljón króna styrk Hafnarfjarðarbæjar til hátíðarinnar. Þegar til kastanna kom reyndust skilin milli bæjarins og hlutafélagsins alls ekki nógu skýr. Sannleikurinn var sá, og ég fullyrði það, að það vildi enginn koma nálægt peningamálum hátíðarinnar, og það er mergurinn málsins. Það lá fyrir fjárhagsáætlun sem menn gerðu auðvitað ráð fyrir að mundi standast. Ákveðin atriði í þessari fjárhagsáætlun gagnrýndi ég strax og mitt mat á ákveðnum kost-

aðarliðum var hreint ekki alltaf það sama og hjá stjórnendum hátíðarinnar. En mitt valdsvið var ekki að taka ákvarðanir í stóru málunum. Í rauninni var ég valdalaus maður, en starfaði með stjórn hlutafélagsins eftir að ég kom að þessu og sat fundi hennar. Eins og eðlilegt er urðu stundum átök á þessum fundum og deildar meiningar um hvaðeina. Ég átti minn þátt í því að horfið var frá því ráði að ráðast í að setja upp óperu eftir Finn Torfa Stefánsson, tónskáld. Ég sá í hendi mér að það hefði reynst allt of dýrt fyrirtæki, sem hefði aðeins höfðað til örfára. Í þessu efni fékk ég stuðning stjórnarinnar og við þetta var hætt,“ segir Arnór Benónýsson.

Útreikningar sem stóðust ekki

„Eins og ég hef áður sagt var kerfi fjárstreymisins þannig að ég tók út greiðslur nánast daglega hjá bæjargjaldkeru, eftir því sem fé þurfti meðan á hátíðinni stóð. Það stóð ekkert á greiðslunum. Minn nánasti samstarfsmaður á bæjarskrifstofunum var hins vegar Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, bæjarritari, en ekki Guðmundur Árni.

Það er svo innanhússmál þeirra á bæjarskrifstofunum hver sagði hvað. Upphæflega var talað um 15 milljónir króna styrk bæjarins, en þegar ljóst var að hann hrykki engan veginn fyrir kostnaði var styrkurinn hækkaður og um það sömdu stjórn Listahátíðar Hafnarfjarðar hf. og bærarstjórn sín á milli,“ segir Arnór. Það var því ljóst að útreikningar stjórnar Listahátíðar Hafnarfjarðar hf. stóðust ekki, enda var bætt við atriðum á hátíðinni og forsendur breyttust stórum.

Fagnar lögreglurannsókn

Nú þarf semsagt að hengja mann. Og hann heitir Arnór Benónýsson, maðurinn sem ráðinn var meðal annars til að hafa umsjón með fjár-agnsstreymi hátíðarinnar. Hann fær að lesa í blöðum að hann megi eiga von á lögreglurannsókn á starfi sínu fyrir listahátíðina góðu í Firðin-um.

„Ég fagna innilega niðurstöðu bærarstjórnar Hafnarfjarðar að undirbúa málið þannig að hægt verði að senda það til Rannsóknarlögreglu ríkisins. Ég fagna og óttast ekki. Í þessu máli hef ég hreina samvisku“, segir Arnór Benónýsson.

Fjölmiðlar hafa fjallað um starf Arnórs á óæðri nótunum og gjarnan slegið undir belti eins og kallað er á máli hnefaleikara. Rætt hefur verið um stórar veislur, sukk með fjármuni og plastpoka með bókhaldsgögnum uppi í Kjós. Var listahátíðin í Hafnarfirði ein samfelld orgía?

„Það er fjarri lagi að svo hafi verið, alla vega tók ég ekki þátt í neinni slíkri óráðsú. Þvert á móti var lögd rík áhersla á að fara sparlega með fjármuni hátíðarinnar og við gerðum oft góð kaup og fengum alls konar afslætti hjá fyrirtækjum. Reikningar og tölur sem hafa verið viðraðir í fjölmiðlum um mikil veisluhöld eiga eðlilegar skýringar. Þannig mátti skilja á blaðafréttum að Nigel Kennedy fiðlusnillingur hafi borðað og drukkið fyrir 40 þúsund krónur – væntanlega ásamt mér – á veitinga-

húsinu A. Hansen. Það er ekkert verið að benda á að með Kennedy var 17 manna lið, hljóðferaleikara, umboðsmann, rötara og fleiri, sem nutu matarins. Ég kom þar hvergi nærri. Reikningurinn var fyrir málsverð handa öllum þessum hópi. Annar reikningur og stærri er gerður tortryggilegur, frá veislueldhúsinu Kokknum. Þar er innifaldar meira en 400 máltíðir málsverðir, sem eldhúsið matreiddi handa listamönnum hátíðarinnar allan mánuðinn. Sjálfur sat ég engar stórar veislur á vegum hátíðarinnar, en væntanlega skilja það allir að hátíðin varð að taka almenninga á móti gestum sínum og veita þeim eðlilegan beina,“ segir Arnór.

Eftirmiðdagsblaðið heggur

Arnór segir að kvikisögur um persónu hans og framgang við hátíðina hafi borist sér til eyra strax á meðan á hátíðinni stóð og jafnvel fyrir.

Blaðakona við eftirmiðdagsblaðið DV spurði Arnór beint út í viðtali: Dastu í það og stalst fé úr sjóðum Listahátíðar? Arnór segist eðlilega hafa svarað þessu neitandi, enda hafi hann hvorki dottið í það, né heldur að hann hafi látið greipar sópa um sjóði hátíðarinnar. Upp úr þessari spurningu blaðsins kom fyrirsögn: Datt ekki í það og stal ekki peningum. Þetta finnst mörgum afar leiðandi fyrirsögn og til þess fallin að fá lesendur til að efast um sannindi svars Arnórs.

Arnór segir að vissulega sárni sér vinnubrögð fjölmiðla af þessu tagi. Hann hafi ekki verið sakaður um þjófnað. Auk þess sé enginn sé sekur fyrir en sekt hans sé sönnuð. Hann eigi ekki von á því að neitt misjafnt verði á hann sannað.

Veidileyfi á Arnór – og Guðmund Árna

Eftir að bærarstjórn Hafnarfjarðar fékk Guðmund Friðrik Sigurðsson, endurskoðanda, til að fara ofan í fjárhagsmál Listahátíðarinnar og ljóst var að um gat upp á 800 til 900 þúsund krónur var að ræða, hafði lögmáður Arnórs samband við endurskoðandann og benti honum á að eðlilegt væri að Arnór fengi aðgang að fylgiskjölunum til að skýra málið. Endurskoðandinn sagði að til þess þyrfti leyfi frá bærarstjóra. Skömmu síðar hringdi endurskoðandinn með þau boð bærarstjóra að það leyfi yrði ekki veitt.

„Það er nú mín tilfinning að öll stjórn Listahátíðar Hafnarfjarðar hf. beri ábyrgð í þessu máli, en við hana eða um hana er ekki rétt í því sambandi svo mér sé kunnugt og hún reyndar öllum gleymd. Það hefur einfaldlega verið gefið út veiðileyfi, – á mig og Guðmund Árna Stefánsson sérstaklega. Það held ég að sé mergurinn málsins. Hins vegar er það gott mál að nú liggur fyrir skýrsla endurskoðanda um málið, því nú ætti að vera hægt að ræða þetta mál á rökkrænan hátt í stað þess að notast við kjafastöguformið“, sagði Arnór.

Hann segir að rangfærslurnar og slúðrið í sumum fjölmiðlum hafi verið átakanlegt dæmi um övönduð og síðlaus vinnubrögð. Þannig var látið að því liggja að einhver slitur af

bókhaldsgögnum hátíðarinnar hafi legið í reiðuleysi í yfirgefnu húsi í Hvammsvík í Kjós. Þarna hafi verið um að ræða poka með afrifum af miðum frá tónleikum Nigels Kennedys.

„Það vildi svo vel til að afrifurnar voru taldar meðan á tónleikunum stóð, – og viðstaddir voru fyrir tilviljun tveir lögræðingar, sem geta vottað hversu margir borguðu sig inn á tónleikana,“ segir Arnór.

Ég er reiðubúinn að taka á mig það sem að mér snýr

„Það sem eftir stendur er þetta: Mistök voru vissulega gerð við framkvæmdina og er ég reiðubúinn að taka á mig það sem að mér snýr. En eftir stendur að haldin var vegleg og ef til vill of löng og dýr listahátíð í bænum. Þessi hátíð þótti heppnast afar vel og naut mikilla vinsælda.


Hátíðin átti sinn stóra þátt í að auka veg Hafnarfjarðarbæjar og íbúa hans menningarlega séð. Þannig

varð hátíðin bænum til mikils vegs-auka.

Ég hef sagt það að ef ég hefði keypt mér hús, þá hefðu menn ef til vill getað farið að bollaleggja um það hvort peningunum hefði verið viturlega ráðstafað. Í því tilviki hefði verið hægt að leggja á kaupin raun-sætt mat samkvæmt markaðsverði fasteigna.

Þannig er þessu auðvitað ekki farið, þegar lagt er mat á eitt stykki listahátíð. Hátíðin skilaði auðvitað „tekjum“ þegar hún lyfti andliti gamals bæjarfélags, sem ekki þótti tiltakanlega vel á vegi statt menningarlega séð til skamms tíma. En listahátíð hverfur út í buskann og eftir verður aðeins endurminning um vel heppnað framtak.

Auðvitað geta menn rætt um það fram og til baka hvort hátíðin hafi verið þess virði að leggja í hana. Ég held sjálfur að svo hafi verið,“ sagði Arnór Benónýsson að lokum. ●



A. mynd E. Ó.

Ásgerður Búadóttir sýnir í Listasafni Íslands

Frumkvöðull nútíma veflistar

„Það er mikill heiður að vera boðið að sýna hér,“ sagði Ásgerður Búadóttir myndlistarkona í stuttu samtali við Alþýðublaðið í gær, en hún opnar sýningu sína í Listasafni Íslands næstkomandi laugardag. Í aðfaraorðum sýningar Ásgerðar segir Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur, að í listrænni ögrun sinni og lotningu fyrir landinu – lífi þess og ásýnd – sýni myndlistarkonan sig vera helstan arftaka frumherja í íslenskri myndlist. „Ásgerður Búadóttir er frumkvöðull nútíma veflistar hér á landi. Hún hefur að verðleikum hlotið mikið lof fyrir myndvafnað sinn og verið í fremstu röð...Þessi sýning á nýjustu veftum hennar staðfestir að hún er einnig meðal helstu listamanna okkar Íslendinga í nútíð,“ skrifar Aðalsteinn.